

# Nágrannavarsla

Handbók



---

## Inngangur

Nú hefur þú fengið í hendurnar handbók Sjóvá um nágrannavörslu. Handbókin inniheldur upplýsingar og gátlista sem hjálpa þér að gera heimilið þitt, bifreiðar og önnur verðmæti öruggari.

Þar að auki eru innifalin eyðublöð sem spara þér tíma og fyrirhöfn við að kynna verkefnið fyrir nágroñnum og fá þá til liðs við þig. Allt þetta er til þess gert að auðvelda þér uppsetningu nágrannavörslu og gera þitt nágrenni öruggara.

**Gangi þér vel!**

---

---

# Uppsetning skref fyrir skref

---

## Nágrannavarsla í sex skrefum:

- 1 Kynntu þér handbók Sjóvár um nágrannavörslu og/eða prentið út á [sjova.is](#).
- 2 Kannaðu áhuga nágranna.
- 3 Athugaðu hvort og þá hvaða reglur gilda um nágrannavörslu í sveitarfélaginu.
- 4 Haltu kynningarfund.
- 5 Farðu yfir gátlista sem fylgja handbókinni.
- 6 Pantaðu nágrannavörsluskilti og settu upp í götunni þinni.

## 1. Kynntu þér handbók Sjóvár um nágrannavörslu og/eða prentið út á [sjova.is](#)

Sjóvá vill leggja sitt af mörkum til þess að auka öryggi og hefur af því tilefni útbúið þessa handbók um nágrannavörslu. Handbókina í heild eða gátlista til að auka öryggi getur þú og/eða nágrannar þínir prentað til að nota. Í handbókinni er útskýrt hvað felst í nágrannavörslu og hvernig er best að bera sig að við að koma henni á í þínu hverfi. Í handbókinni er að finna undirskriftarlista fyrir þátttakendur og gátlista sem má nota til að gera heimili öruggari, ásamt öðru hjálparefni sem kemur að góðum notum þegar setja á upp nágrannavörslu.

---

---

## 2. Kannaðu áhuga nágranna

Eitt af því fyrsta sem þú þarft að huga að er hversu stórt nágrannavörsluvæðið á að vera. Reynslan sýnir að árangursríkara er að skipuleggja nágrannavörslu á minni svæðum, svo sem í einni götu í einu eða í einu fjölbýlishúsi. Það þurfa ekki margir að koma að undirbúningi en gott er að fá með sér þrjá til fimm nágranna. Dæmi er um að litlar götur hafi sett upp nágrannavörslu, ein raðhúsallengja eða einn stigagangur í fjölbýlishúsi. Það er oft auðveldara að byrja smátt og það er líklegra að betur takist til við að koma nágrannavörslu á laggirnar ef svæðið er minna. Reynslan sýnir líka að þegar ein gata í hverfinu byrjar með nágrannavörslu þá fylgja aðrar oft í kjölfarið.

## 3. Athugaðu hvaða reglur gilda um nágrannavörslu í sveitarfélaginu

Hér á landi er nágrannavörsla nú þegar komin af stað í mörgum sveitarfélögum. Sá aðili sem ætlar að hefja nágrannavörslu þarf að byrja á að því að kanna hvort virk nágrannavörsla sé til staðar í sveitarfélaginu. Ástæðan er sú að oft hafa sveitarfélög sett reglur er lúta formlega að stofnun nágrannavörslunnar.

Í mörgum tilfellum þarf að fá formlegt leyfi fyrir að stofna nágrannavörslu og svo vilja sveitarfélög oft sjálf útvega skiltið sem auðkennir að nágrannavörsla er til staðar í götu eða hverfi. Ef ekki þá útvegar Sjóvá skiltið ykkur að kostnaðarlausu. Jafnframt getur verið gott að hafa samband við lögregluna í hverfinu og óska eftir góðum ráðum frá þeim eða upplýsingum eða láta vita af fyrirhugaðri nágrannavörslu.

---

---

#### 4. Haltu kynningarfund með nágrönnum

Mikilvægt er að undirbúa kynningarfund fyrir nágrannavörsluna vel. Það eykur líkur á að hugmyndin verði að veruleika. Það er engin skylda að halda kynningarfund en það getur verið árangursríkara að allir fái sömu upplýsingar um nágrannavörsluna og gott fyrir nágranna að hittast til að ræða um aukið öryggi í þeirra götu.

Fyrirkomulag kynningarfundarins þarf að vera skýrt og þannig kynnt að sem flestir vilji vera með. Nauðsynlegt er að hafa svör við sem flestum spurningum á reiðum höndum. Gott er að haf á huga að þurfa ekki allir í götunni eða á því svæði sem skilgreint hefur verið að vera aðilar að nágrannavörslunni. Því fleiri sem eru með því betra.

#### Fyrir kynningarfundinn þarf að

- A Finna þann sem er tilbúinn til þess að halda utan um nágrannavörslu í þinni götu
  - B Taka ákvörðun um stærð nágrannavörslusvæðis
  - C Ákveða dagsetningu, staðsetningu og tíma kynningarfundar
  - D Fylla út dreifimiða handbókarinnar til að auglýsa nágrannavörslufundinn
-

---

## Dagskrá kynningarfundar

Hér að neðan má sjá tillögu að dagskrá fundar þar sem nággrannavarslan er kynnt. Dagskrána má kynna í dreifibréfi.

- 1 Hvað er nággrannavarsla?
  - 2 Hvernig viljum við skipuleggja okkar nággrannavörslu?
  - 3 Hvernig gerum við heimili okkar öruggara?
  - 4 Farið yfir gátlista, bækling og ítarefni um öryggi heimilis, bílsins og fleira
  - 5 Aðkoma sveitarfélags (ef það á við)
  - 6 Reynsla og aðkoma lögreglu (ef það á við)
  - 7 Láta lista ganga og fá undirskrift þeirra sem vilja vera með (nafn, sími, netfang)
-

---

## 5. Farið yfir gátlista handbókarinnar

Með handbókinni fylgja gátlistar um hvað þarf að hafa í huga til að heimilið sé öruggt og hvaða atriði er hægt að laga. Gott er að prenta út lista fyrir nágranna og þátttakendur í nágrannavörslunni til að taka með heim eftir kynningarfundinn. Gátlistar eru líka aðgengilegir á **sjova.is**.

Farið yfir það á fundinum hversu mikilvægt það er að allir fjölskyldumeðlimir viti hvað nágrannavarsla er. Í mörgum tilfellum eru til dæmis börn og unglingar heima stóran hluta úr deginum. Þau verða því að vera með og vita hvernig þau eiga að bregðast við.

## 6. Pantaðu nágrannavörsluskilti og settu upp í götunni þinni

Þegar fyrstu 5 skrefunum er lokið þá ætti ekkert að vera að vanbúnaði að panta skilti. Hægt er að panta skilti endurgjaldslaust frá Sjóvá. Ef hins vegar sérstakar reglur gilda um nágrannavörslu og uppsetningu skilta í ykkar bæjarfélagi þá ráðleggur Sjóvá ykkur að hafa samband við þann aðila. Sjóvá útvegar ekki festingar fyrir skiltin þar sem breidd og stærð staura er mismunandi. Gott er að hafa samráð við sveitarfélagið um hvar setja má skiltin upp t.d. varðandi hæð.

Það getur oft skipt lögreglu miklu máli að fá lýsingu á einstaklingum, bifreiðum og bílnúmer eða mynd. Taktu mynd á símann þinn af grunsamlegum bíl eða einstaklingi. Athugull nágranni getur bæði stuggað ómeðvitað við þjófi með því að vera vakandi um grunsamlegar ferðir og gefið lögreglu upplýsingar. Það er betra að hringja einu sinni of oft í lögreglu með upplýsingar af þessu tagi en einu sinni of sjaldan.

---

---

## Gátlisti fyrir heimili

---

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

Öryggiskerfi		Já	Nei
	Er kerfið á þegar enginn er heima?		
	Er kerfið virkt á nóttunni?		
	Kunna börnin ykkar að nota kerfið?		
	Eru límmiðar í gluggum sem sýna að kerfi er til staðar?		
	Eru hreyfiskynjarar hluti af kerfi?		
Gluggar		Já	Nei
	Eru stormjárn í gluggum sem lokast til hliðar?		
	Er gluggi við hliðina á hurð öruggur?		
Læsingar			
	Er lás hurða traustur og ekki hægt að opna án verkfæra?		
Lýsing		Já	Nei
	Er heimilið vel upplýst að utan?		

---



<b>Lýsing</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er lýsing á húsvegg og svæði sem snýr frá götu?		
	Er lýsing í garði þar sem mikill gróður er?		
	Er lýsing að einhverju leiti tengd hreyfingu?		
	Er hægt að tengja lýsingu innandyra við tíma-rofa?		
<b>Dagblöð og póstur</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru dagblöð fjarlægð þegar enginn er heima?		
	Er pósturinn fjarlægður þegar enginn er heima?		
	Tæmir einhver póstkassann þinn (fjölþýli)?		
<b>Sími</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er heimasíminn stilltur yfir í GSM?		
	Er símsvarinn þinn stilltur eins og venjulega?		
<b>Gardínur</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru gardínur skildar eftir þegar þú ferð í burtu eins og einhver væri heima?		
<b>Hurðir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er útidyrhurðin alltaf læst?		
	Er svalahurðin alltaf læst?		

<b>Hurðir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er bakhurðin alltaf læst?		
	Eru allar hurðir læstar þegar einhver er heima?		
	Er öryggisgler í útidyrhurð með gleri?		
<b>Aukalyklar</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru aukalyklar öruggir og ekki geymdir undir mottu eða í blómapotti?		
	Er aukalyklasett hjá nágretta eða ættingja?		
	Veist þú hvar öll eintök af húslyklum eru?		
<b>Bréfalúga</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er bréfalúga staðsett á þjófheldum stað?		
<b>Dyrasími (fjölbyli)</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Þekkir þú alltaf þann sem þú opnar fyrir?		
	Er millihurð fjölbylis alltaf læst?		
	Opnar þú í einhverju tilfelli fyrir þeim sem þú þekkir ekki sem segist til dæmis hafa ýtt á ranga bjöllu?		
<b>Hlið girðinga / skjólveggja</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er læsing og opnun hliðs eingöngu að innan?		

<b>Gróður</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Byrgir gróður sýn frá götu?		
	Er gluggi á húsvegg við þéttan gróður?		
<b>Frágangur á lóð / við hús</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru tómar umbúðir til dæmis raftækja ávallt fjarlægðar eða settar í geymslu/rusl/bílskúr?		
	Er gengið frá garðáhöldum eftir notkun?		
	Er gengið frá lausum steinum eða hellum fyrir utan hús eða breitt yfir þær?		
	Er gengið frá sláttuvélinni strax eftir notkun?		
	Eru reiðhjól alltaf skilin eftir læst fyrir utan hús við fastan hlut?		
<b>Frágangur verðmæta</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er frágangur verðmæta (svo sem fartölva) þannig að þau sjáist ekki inn um glugga?		
	Er til listi og myndir af innbúi?		
	Eru myndirnar og listinn geymdur hjá ættingja?		
	Eru háar peningaupphæðir geymdar í banka eða öryggishólfi?		

<b>Á leiðinni í ferðalag</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Ertu búinn að biðja nágranna/vin/ættlingja að fara reglulega heima til þín? (Sjá ítarefni)		
<b>Netið</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Geta allir séð ferðaáætlun þína á netinu, til dæmis á Facebook eða Twitter?		
<b>Bílskúr/bílskýli</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Nær öryggiskerfið yfir í bílskúrinn?		
	Eru gluggar með gardínum eða með rimlum?		
	Nær verðmætalisti heimilisins yfir bílskúrinn?		
	Er góð lýsing við bílskúr?		
	Er góð læsing á bílskúrshurð?		
	Veist þú hvar allir lykklar af bílskúrnum eru?		
	Eru hurðir og gluggar ávallt læstir?		
<b>Geymslur í fjölbýli</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru rimlar fyrir gluggum í geymslu?		
	Nær öryggiskerfið yfir geymsluna?		
	Nær verðmætalisti heimilisins yfir geymsluna?		
	Er góð læsing á gleymslu?		
	Veist þú hvar allir lykklar að geymslunni eru?		

---

# Ítarefni um öryggi heimila

---

## Hvenær gerast innbrotin?

Flest innbrot eiga sér stað þegar enginn enginn er heima, þegar allir eru í fastasvefni eða í vinnu eða skóla. Einnig eru dæmi um að þjófari fari inn þegar einhver er heima yfir daginn og útidur, svalir eða garðdyr eru opnar. Horfðu á heimilið út frá augum þjófsmanns með eftirfarandi í huga:

### Öryggiskerfi

Enginn vafi er á því að öryggiskerfi sporna við innbrotum. Það verður þó að hafa í huga að öryggiskerfið eitt og sér kemur aldrei í veg fyrir innbrot en eindregið er mælt með notkun þeirra. Hreyfiskynjarar ættu tvímælalaust að vera hluti af kerfinu. Öryggiskerfi hafa mikinn fælingarmátt og virkja utanaðkomandi aðstoð. Merktu því heimilið vel að utan með límmiðum sem þú færð með öryggiskerfinu og settu þá á sýnilega staði. Stilltu kerfið á nóttunni á „heima“ þannig að það sé virkt þegar heimilisfólk sefur. Það tryggir að þið vaknið við tilraun til innbrots. Kenndu börnum að nota þjófavarnakerfið og brýndu fyrir þeim að nota það.

### Lýsing

Góð útlýsing hefur mikinn fælingarmátt. Til er lýsing sem tengd er við hreyfiskynjara. Slík lýsing er oft sett upp þar sem gróður skyggir á eða þar sem lítil umferð er.

---

---

## Sími

Hægt er að stilla heimasímann þannig að að hringingin færist yfir í farsímann þinn sérstaklega þegar þú ert ekki heima í lengri tíma.

## Póstur og dagblöð

Fáðu nágranna eða ættingja til þess að fjarlægja póst og dagblöð úr anddyri eða póstkassa. Láttu líta út fyrir að einhver sé heima. Uppsafnaður póstur eða dagblöð vísa til þess að enginn sé heima. Þetta á sérstaklega við þar sem gler er í eða við hurðir og það sést vel utan frá. Einnig þarf að tæma póstkassa í fjölbýli. Margir afpanta dagblaðaáskrift á meðan þeir eru í burtu.

## Gardínur

Ef gardínur er dregnar fyrir glugga í marga daga í röð er nokkuð ljóst að enginn er heima. Betra er að skilja gardínur þannig eftir að það líti út fyrir að einhver sé heima og allt með eðlilegum hætti.

## Hurðir

Afar mikilvægt er að útidyr, svalir og bakdyr hússins séu innbrotsheldar. Hafðu alltaf útidyr og bakdyr læstar. Þetta á líka við um þegar einhver er heima. Dæmi er um að þjófur hafi læðst inn í anddyri húsa og tekið veski, síma eða bíllykla.

---

---

## Aukalyklar

Geymdu aldrei aukalykla undir mottunni eða í blómapotti. Betra er að geyma aukasett af lyklum hjá nágranna, vini eða ættingja. Ef þú ert að flytja inn í nýtt hús eða íbúð skaltu íhuga að skipta um lás, þú veist ekki hver gæti átt gamla lykla af húsnæðinu.

## Bréfalúgur

Við staðsetningu bréfalúgu er gott að hafa í huga að ekki sé hægt að fara með handlegg inn í bréfalúgu og teygja sig í hurðarlás til að opna hurð.

## Dyrasími

Aðgættu vel hverjum þú hleypir inn í fjölbýlishús þegar hringt er og viðkomandi segist hafa hringt á rangri bjöllu eða er að leita að einhverjum íbúa í húsinu.

Ekki er mælt með að millidyr fjölbýlishúsa séu ólæstar. Nauðsynlegt er að gestir þurfi að hafa samband við þann sem þeir eiga erindi við. Farðu yfir þetta á næsta húsfundi og settu jafnvel upp miða til þess að minna á mikilvægi þess að hurðin sé læst. Útskýrðu fyrir börnum hvers vegna þetta skiptir mál.

---

---

## Gluggar

Betra er að hafa stormjárn en króka í gluggum sem lokast til hliðar. Það gerir þjófum erfiðara fyrir að spenna upp glugga. Þar sem ekki er hægt að koma fyrir stormjárnnum er hægt að bæta við innbrotavörn á gluggann sjálfan. Slíkur búnaður er til sölu í byggingarvöruverslunum.

Þar sem gluggar eru staðsettir við hlið hurða eða gler er í gluggum þá þarf að huga að því hvort auðvelt sé að brjóta gler og opna dyr. Til eru margar tegundir af gleri sem erfiðt er að brjóta og gott að hafa það í huga ef skipta á um gler í hurð á næstunni. Einnig er til öryggisfilma sem hægt er að setja á glerhurðir. Hún er glær og heldur glerinu saman þegar það brotnar og tefur þannig fyrir innbrotþjófum.

## Hlið girðinga/skjólveggja

Þar sem háar girðingar eru kringum garða er nauðsynlegt að ganga frá opnun hliða þeirra þannig að eingöngu sé hægt að opna/læsa hliðunum innan frá. Ekki má vera hægt að teygja sig yfir grindverk og opna hlið þannig.

## Gróður

Hafðu í huga að þéttur gróður getur jafnframt veitt þjófum skjól til þess að athafna sig. Gróður má heldur ekki skyggja á húsnúmer ef vegfarandi eða nágrenni hringir á lögreglu ef grunur vaknar um innbrot.

---



---

## Bílskúr og bílskýli

Margir eru með öryggiskerfi fyrir heimilið sem nær ekki yfir bílskúrinn. Eigendur húsnæðis þurfa að meta hvort það er nauðsynlegt hverju sinni eftir því hvað er í bílskúrnum. Ef hins vegar hægt er að ganga beint úr húsi yfir í bílskúr þá er mælt með að kerfið nái líka yfir bílskúrinn.

Ef gluggar eru til staðar í bílskúr er gott að setja járngrindur til þess að torvelða innbrot. Gott er að setja gardínur eða plast fyrir glugga til þess að verðmæti, s.s. bifhjól, reiðhjól, veiðidót og annað, sé ekki sýnilegt. Fara þarf yfir glugga bílskýla og hurðir með það fyrir augum að lásar séu góðir og hurðin örugg. Á húsfundi þarf að brýna fyrir íbúum að taka ekki hurðar úr lás og útskýrið fyrir börnum hvers vegna það skiptir máli að hafa reiðhjólageymslur sem og innganga ávallt læsta.

## Geymslur í fjölbýli

Geymslur í fjölbýlishúsum eru oftast á jarðhæð. Ef á þeim eru gluggar er mælt með að þeir séu lokaðir með stormjárnnum en ekki krókum og helst ætti að vera járnrimlar fyrir gluggum. Gardínur eru líka góðar til þess að byrgja sýn. Láttu ekki verðmæti sem geymd eru í geymslum liggja á glámbekk og vertu viss um að lásar og hurðir séu traustar og ekki auðvelt að spenna þær upp.

Ef um er að ræða sameiginlegar geymslur, s.s. reiðhjólageymslur, þá er mælt með að eigendur læsi alltaf hjólunum við reiðhjólastanda þegar reiðhjólin eru í geymslunni og að reiðhjólastandar séu fastir við gólf eða vegg. Þessar geymslur ættu alltaf að vera læstar. Farðu yfir mikilvægi þess með börnum ykkar.

---

---

## Pvottahús í fjölbýli

Grípa þarf til sérstakra varúðarráðstafana þar sem gluggar eru í þvottahúsum fjölbýlishúsa. Þar er oft og tíðum verðmætur búnaður, s.s. þvottavélar og þurrkarar. Þar ættu að vera járnrimlar fyrir gluggum þannig að ekki sé auðvelt að fara inn um þá þrátt fyrir að þeir séu opnir.

## Frágangur á lóð

Skildu ekki eftir tóma kassa, til dæmis af nýja sjónvarpinu, fyrir utan hús. Settu þá strax í ruslið eða inn í bílskúr ef á að henda þeim síðar. Gakktu frá garðáhöldum, þau gætu verið notuð sem innbrottsverkfæri. Breiddu yfir hellur og steina sem verið er að leggja. Fjarlægðu stiga og gakktu frá sláttuvélum.

## Frágangur verðmæta

Skildu aldrei eftir verðmæti eins og fartölvur eða myndavélar þannig að þau séu vel sjáanleg utan frá í gegnum glugga. Margir taka afrit eða mynd í símann af vegabréfum fjölskyldunnar áður en farið er í ferðalag erlendis.

## Netið

Öll setjum við inn myndir og upplýsingar um hvar við og okkar fjölskylda er stödd á ferðalagi. Mundu bara að þú ert að láta aðra vita að enginn er heima.

---

---

## Á leiðinni í ferðalag

Mikilvægt er að láta allt heimilið líta eðlilega út utan frá. Það getur verið gott að fá góðan nágranna sem lið í nágrannavörslunni (eða vin/ættingja) til að ganga um heimilið og lóðina á meðan þú ert í burtu og til dæmis:

- › Tæma bréfalúguna
- › Setja rusl í ruslatunnuna
- › Draga gluggatjöld frá/fyrir
- › Moka snjó og sýna spor í snjónum
- › Kveikja/slökkva ljós
- › Slá grasið
- › Kveikja/slökkva á útvarpi
- › Hengja þvott á snúruna
- › Leggja bíl í innkeyrsluna

## Hvað á að gera ef brotist er inn til mín?

- › Ekki fara inn, þjófurinn gæti ennþá verið inni
  - › Ekki snerta neitt
  - › Hringdu í 112 eða farðu til nágretta og fáðu að hringja þar
  - › Ef ókunnugur bíll er fyrir utan, taktu þá mynd á símann þinn
-

---

## Hvað á að gera ef brotist er inn þegar ég heima?

- › Vertu varkár, þú veist ekki hversu margir þjófarnir eru eða í hvaða ástandi
- › Það er betra að verða fyrir verðmætastjóni heldur en líkamstjóni
- › Hringdu á 112 ef þú getur og segðu „**yfirstandandi innbrot**“
- › Farðu yfir það með börnunum þínum við hverju er að búast verði þau vör við þjóf
- › Brýndu fyrir þeim að halda ró sinni og koma sér út úr húsinu ef þau geta, fara til nágranna og hringja á lögreglu
- › Kenndu þeim að hringja í 112

## Öruggt innbú

Þegar brotist hefur verið inn getur reynst erfitt að muna eftir öllu sem var tekið. Það er því gott að gera eftirfarandi:

- › Listaðu upp innbúið
  - › Taktu myndir og geymdu þær hjá ættingjum eða vinum
  - › Geymdu skartgrip og aðra verðmætahluti í öryggisskáp
  - › Skráðu niður raðnúmer á sjónvörpum, tölvum og öðrum verðmætum tækjum
  - › Vertu viss um að tryggingin þín nái yfir verðmæti innbúsins
  - › Skrúfaðu fyrir vatnsinntak áður en þú ferð að heiman til þess að koma í veg fyrir vatnstjón
-



---

## Innbrot tilkynnt til Sjóvár

Tilkynntu innbrot til Sjóvár. Hægt er að gera tjonstilkynningu rafrænt á heimasíðunni **sjova.is** og bæta við myndum af því sem var stolið ef þær eru til. Einnig má tilkynna tjon beint á skrifstofu félagsins, Kringlunni 5 í Reykjavík og í öllum útibúum. Sími Sjóvár er 440 2000.

---

---

## Gátlisti fyrir bíla

---

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

Læsingar		Já	Nei
	Læsir þú alltaf bílnum þínum?		
	Líka þegar þú ert að skreppa frá við heimili þitt?		
	Eru allir gluggar alltaf lokaðir þegar þú yfirgefur bílinn?		
	Er sóllúgan alltaf lokuð þegar þú yfirgefur bílinn?		
	Er bíllinn með þjófavörn?		
	Er þjófavörnin virk?		
	Er alltaf slökkt á bílnum þegar þú ferð frá honum?		
	Er lykillinn alltaf tekinn úr bílnum?		
Verðmæti		Já	Nei
	Eru verðmæti ávallt tekin úr bílnum þegar þú ferð frá honum?		
	Ef þú þarft að geyma verðmæti í bílnum setur þú þau þá undir sætið eða í skottið þar sem þau sjást ekki?		
	Er búið að fjarlægja verðmæti úr hanskahólfi?		
	Hefur þú það sem reglu að geyma aldrei veski eða síma í bílnum?		

---

---

---

<b>Geymsla</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Leggur þú bílnum þar sem lýsing er góð?		
	Geymir þú bílinn þinn þar sem umferð er?		
	Leggur þú bílnum á opnu svæði frekar en innst í botnlanga eða þar sem gróður skyggir sýn?		
<b>Bílskúr/bílskýli</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er bíllinn alltaf læstur þegar hann er í bílskýli?		
	Er bílskúrin þjófheldur?		
	Eru hurðir bílskýlis alltaf læstar?		
	Eru gluggar bílskúrs huldur þannig að ekki er auðvelt að sjá inn?		
	Eru gluggar bílskýlis með járnrimlum og alltaf lokaðir?		
	Er reglulega farið yfir hver er með lykil að bílageymslu?		
	Veist þú hvar allir lykilar að bílskúrnum eru?		
	Keyptir þú nýlega hús eða íbúð? Skiptir þú um lás á bílskúrnum?		

---

---

# Ítarefni um öryggi bíla

---

## Hvar?

Þjófur brjótast inn í bíla alls staðar, jafnvel í innkeyrslum og bílageymslum. Ástæða er að minnast sérstaklega á bílastæði við útivistarsvæði, til dæmis við Esjuna og Heiðmörk, þar sem fólk geymir oft verðmæti sín í bílnum til að hafa sem minnst með sér á göngu. Einnig eru dæmi um að þjófur hafi farið í bíla til að ná í gjafir eða við verslunarmiðstöðvar þar sem búið er að setja innkaupapoka í bíla.

## Hvernig?

Í þeim tilfellum þar sem verðmæti liggja á augljósum stað er algengt að rúður bíla séu brotnar með steinum eða barefli. Það eru líka dæmi um að þjófur hafi farið inn um ólæst anddyri heimila og tekið lykla af bílum sem oft eru geymdir þar. Það er æskilegt að geyma ekki bíllykla í tösku í íþróttahúsi eða í sundi á ólæstum stað. Með bíllyklum á kippu eru oft húslyklar og því getur orðið ansi dýrt að skipta um alla lása á heimilinu.

## Frágangur verðmæta

Besta reglan er að skilja aldrei verðmæti eftir í bílnum því þá er minni freisting til staðar. Taktu helst allt með þér ef þú getur, vendu þig á að tæma bílinn á kvöldin. Ekki er ráðlagt að skilja eftir veski eða síma í bílnum og slíkt á aldrei að vera hægt að sjá inn um bílrúðu þegar enginn er í bílnum. Ef þú þarft að skilja verðmæti eftir í bílnum á að reyna að hylja þau eins og kostur er, geyma farangur í skottinu með skotthlíf yfir eða stinga hlutum undir sæti eða í hanskahólf. Þetta á þó bara við ef

---



---

engin önnur úrræði eru og þú þarft að skilja eftir verðmæti því þetta veitir mjög litla vörn. Hafðu í huga að öllu er stolið, jafnvel barnabílstólum. Athugaðu að t.d. búnaðurinn sem er í íþróttatöskunni þinni er ansi verðmætur þegar saman er talið og það sem þér finnst ekki vea verðmæti getur verið það í annarra augum.

## Þjófavarnir

Ef bíllinn er útbúinn með þjófavörn er eindregið mælt með að hún sé notuð. Mikill fælingarmáttur felst í þeim hávaða sem þjófavörn gefur frá sér og almenningur er í dag á varðbergi fyrir slíku vitandi það hversu innbrot hafa aukist.

## Læsingar

Það er góð regla að skilja aldrei lykla eftir í bílnum eða fara frá bílnum þegar hann er í gangi, ekki einu sinni þegar þú skreppur inn heima hjá þér. Ekki er æskilegt að skilja eftir bíllykla við glugga eða í anddyri húsa þar sem auðvelt er að fara inn. Innbrot á heimili snúast ekki lengur eingöngu um verðmæti innbúsins heldur eru líka dæmi um að bílar eigenda séu teknir. Ekki skilja bíllykla eftir á glámbekk. Farðu yfir það hvort allar rúður og sóllúga bílsins sé ekki tryggilega lokuð þegar þú yfirgefur hann. Hafðu það í huga að börn eða farþegar í bíl geta opnað glugga án þess að þú hafir tekið eftir því.

---

---

## Geymsla

Þegar þú leggur bílnum á bílastæði er ekki endilega best að velja stæðið úti í horni eða innst í botnlanga. Þar er oft næði fyrir þjófa að aðhafast. Veldu frekar bílastæðahús sem er vaktað og vel upplýst eða svæði nærri umferð. Ef mikill gróður er á bílastæðinu skaltu velja stæði næst ljósastaur eða opnu svæði.

## Bílskýli/bílskúr

Læstu alltaf bílnum í bílskýlinu. Ekki skilja bílstóla eða önnur verðmæti eftir á „þínu svæði“. Þar sem um er að ræða sameiginlegt bílskýli er oft erfitt að hafa stjórn á umgengni. Taktu þetta upp á húsfundi og farðu yfir helstu innbrotshættur. Það er betra að margir séu á verði gagnvart þjófnaði.

Farðu yfir alla innganga í bílskýlið/bílskúrinn, svo sem hurðir og glugga. Gluggar ættu helst að vera með jánrimlum eða gardinum og í öllum tilfellum með stormjárn sem lokast til hliðar. Það er erfiðara að spenna slíka glugga upp. Einnig getur verið gott að setja gardínur fyrir glugga til þess að hylja útsýni. Brýndu fyrir börnum að loka og læsa alltaf á eftir sér.

---

---

## Gátlisti fyrir bifhjól

---

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

<b>Þjófavarnir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er hjólið alltaf læst þegar það er ekki í notkun?		
	Er þjófavörn á hjólinu?		
	Er þjófavörnin virk þegar þú ferð frá hjólinu?		
	Er staðsetningartæki á hjólinu?		
<b>Verðmæti</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Fjarlægir þú ávallt öll verðmæti af hjólinu?		
<b>Lyklar</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Fjarlægir þú ávallt lykla úr hjólinu?		
	Slekkur þú alltaf á hjólinu þegar þú yfirgefur það?		
	Geymir þú lyklana af hjólinu fjarri glugga eða útidyrhurð?		
<b>Geymsla</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Læsir þú bílskúrnum eða bílageymslunni?		
	Læsir þú hjólinu inn í geymslu eða bílskúr?		

---

---

---

<b>Geymsla</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Geymir þú hjólið þar sem lýsing er góð?		
	Geymir þú hjólið þar sem umferð er?		
	Er bílskúrin eða bílageymslan þjófheld?		
	Eru rimlar fyrir glugga?		
	Eru gardínur fyrir glugga?		
	Er læsing á hurð þjófheld?		
	Er lýsing fyrir utan góð?		
	Er lýsing tengd hreyfiskynjara?		
	Er öryggiskerfi á bílskúrnum/geymslu?		
	Er kerra sem geymir hjól læst?		
	Er kerran föst við jarðfastan hlut?		
	Er öryggi á beisli kerrunnar? (sjá ítarefni)		
<b>Skráning</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er stölnúmer hjólsins skráð?		

---

---

# Ítarefni um öryggi bifhjóla

---

## Bifhjól eru auðveld skotmörk

Ólæst mótörhjól, krossarar, skellinöðrur eða vespur (bifhjól) eru auðveld skotmörk fyrir þjófa. Það tekur eingöngu nokkrar mínútur að reiða þau í burtu eða setja inn í bíl. Innbrot í bílskúra hafa aukist og því er nauðsynlegt fyrir þá sem geyma verðmæt hjól inni í bílskúru að fara yfir öryggi bílskúrsins. Hið sama á við um að yfirfara öryggisbúnað fyrir kerrur sem geyma hjól.

Farðu yfir tryggingarnar á hjólinu og aðgættu hvort hjólið þitt sé nægilega vel tryggt og hvort þjófnaður á hjóli sé innifalinn í tryggingu. Hér að neðan er að finna haldgóðar upplýsingar um það hvað þú getur gert til þess að koma í veg fyrir þjófnað

### Þjófavörn og lásar

- › Læstu ökutækinu alltaf þegar þú ferð frá því, líka þegar þú skreppur stutt frá
  - › Læstu ökutækinu sjálfu þegar það er geymt inn í bílskúru
  - › Til er þjófavarnarkerfi fyrir vélknúin ökutæki
  - › Til eru staðsetningartæki fyrir vélknúin ökutæki
  - › Læstu bifhjólinu með keðju eða lás, helst við jarðfastan hlut
  - › Þau hjól sem læst eru með stýrslás ætti líka að læsa með sterkri keðju
  - › Ef þú notar lás sem er laus reyndu að láta hann ekki liggja á jörðinni því þá er erfiðara að brjóta hann
  - › Ef þú ert á leiðinni til útlanda í ferðalag, kannaðu þá möguleikann á að geyma hjólið í læstri geymslu á meðan
-

---

## Verðmæti

- › Ekki skilja verðmæti eftir á hjólinu
- › Taktu myndir af hjólinu
- › Skráðu stölnúmer hjólsins og geymdu fjarri hjólinu. Það gæti auðveldað lögreglunni að leita að stolnu hjóli

## Lyklar

- › Aldrei skilja lyklana eftir í bifhjólinu
- › Farðu aldrei frá bifhjólinu þegar það er í gangi, ekki einu sinni í innkeyrslu
- › Ekki geyma lyklana af hjólinu nærri glugga eða við útidyrnar

## Geymslur/bílskúrar/kerrur

- › Best er að leggja bifhjólum í læstum bílskúrum eða bílageymslum
  - › Ef slíkt er ekki fyrir hendi er áriðandi að geyma bifhjólið þar sem lýsing er góð og umferð fólks eða bíla töluverð
  - › Vertu viss um að bílskúrin sé þjófheldur
  - › Ef gluggi er á bílskúr þarf að huga að því hvort þurfi að setja rimla fyrir glugga eða bygja sýn, til dæmis með gardínum
  - › Farðu yfir hvort læsing og hurð sé þjófheld
  - › Með því að festa hjólið með rammgerðri keðju við fastan hlut í bílskúrnum (traustur múrbolti) er enn ólíkegra að hægt sé að stela hjólinu, jafnvel þótt þjófurinn nái að brjótast inn í bílskúrinn
  - › Er öryggiskerfi á bílskúrnum?
  - › Mikill fælingarmáttur felst í lýsingu sem tengist við hreyfiskynjara
  - › Læstu kerrum eða settu öryggisbúnað í beisli kerrunnar til þess að koma í veg fyrir að unnt sé að draga hana í burtu
-

---

## Gátlisti fyrir húsbíla, ferða- og tjaldvagna, hjól- og fellihýsi

---

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

<b>Þjófavarnir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er búnaður á beisli sem hindrar þjófa í að draga ferðavagninn á brott?		
	Festir þú keðju ferðavagns við fasta hlut svo sem ljósastaur?		
	Er þjófavörn á ferðavagninum?		
	Er alltaf kveikt á þjófavörninni þegar vagninn er yfirgefinn?		
	Er ferðavagninn alltaf læstur þegar hann er yfirgefinn?		
	Eru lykklar ferðavagns geymdir fjarri útidyrhurð?		
<b>Verðmæti</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Fjarlægir þú verðmæti eins og sjónvörp, snjallsíma eða fartölvur úr ferðavagni?		
	Læsir þú þau verðmæti inn í skáp sem þú verður að skilja eftir inni eða hylur?		
	Er til listi yfir verðmætin sem eru inni í ferðavagni?		
	Eru til myndir af innbúi ferðavagns?		

---

<b>Gluggar/hurðir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru dyr lokaðar þegar farið er í burtu?		
	Eru sóllúgur lokaðar þegar farið er í burtu?		
	Eru gluggar lokaðir þegar farið er í burtu?		
<b>Geymsla</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Skorðar þú dekkir vel í geymslu?		
	Læsir þú ferðavagninum yfir veturinn?		
	Geymir þú ferðavagninn þar sem lýsing er góð?		
	Geymir þú ferðavagninn nálægt umferð?		
	Fjarlægir þú verðmæti úr ferðavagni þegar hann er ekki í notkun?		
	Dregur þú gluggatjöld frá þegar ferðavagninn er ekki í notkun?		
	Opnar þú skápa þegar ferðavagninn er tómur?		
	Velur þú öruggan geymslustað yfir veturinn?		



---

# Ítarefni um öryggi ferðavagna

---

## Hugum að innbrotavörnum

Mikil verðmæti eru oft í ferðavögnum líkt og sjónvörp, snjallsímar, fatnaður og myndavélar. Það skiptir því máli að huga að innbrotavörnum bæði á ferðalagi sem og í geymslu.

### Þjófavörn

- › Til eru læsingar sem settar eru á beisli ferðavagna. Læsingin dregur úr hættunni á og torveldar það að ferðavagninn sé dreginn í burtu. Þennan búnað færðu í verslunum sem sérhæfa sig í sölu ferðavagna
  - › Mælt er með að sett sé þjófavörn í hjólhýsi og húsbíla. Mundu að kveikja á henni þegar þú ferð frá. Þetta á sérstaklega við þegar vagninn er geymdur á bílastæði sem ekki er beint fyrir utan heimilið
  - › Til eru staðsetningartæki sem hægt er að setja í ferðavagna. Slík tæki auðvelda lögreglu (og þér) að finna vagninn ef þú lendir í þjófnaði
  - › Til eru læsingar til þess að setja á dekk ferðavagna sem læsa þeim og koma í veg fyrir að vagninn sé dreginn á brott. Þær hafa þó ekki verið til hér á landi
-

---

## Hurðir og gluggar

- › Vendu þig á að læsa alltaf öllum hurðum, gluggum og sóllúgum
- › Geymdu lyklna af ferðavagninum ekki of nærri glugga eða útidyrhurð

## Verðmæti

- › Ekki skilja verðmæti eftir í ferðavagninum, sérstaklega farsíma, ferðatölvur, myndavélar eða greiðslukort
- › Ef þú verður að skilja verðmæti eftir í ferðavagninum, geymdu þau úr augnsýn í læstum skáp
- › Breiddu teppi yfir sjónvarp ef þú ferð í burtu svo það blasi ekki við úr glugga
- › Skráðu niður innbú ferðavagnsins og taktu myndir

## Geymslur


- › Læstu hurðum, gluggum og sóllúgum ferðavagnsins vel og skorðaðu dekkinn
  - › Fjarlægðu allt verðmæti úr ferðavagninum þegar hann er ekki í notkun
  - › Veldu öruggt geymsluhúsnæði fyrir veturinn
  - › Ekki geyma ferðavagninn á svæði sem er fáfarið, illa upplýst eða lítið um umferð
  - › Stór bílastæði, til dæmis við skrifstofur eða malbikuð plön henta ekki endilega þar sem þar er enginn á ferðinni og því eiga þjófar auðvelt með að athafna sig áreittir
-

## Á ferðalagi

- › Þegar þú leggur ferðavagninum hugsaðu þá um staðsetninguna Ef þú leggur vagninum langt frá öðrum eða við mikinn gróður geta þjófur komist inn í ferðavagninn óséðir
- › Ef þú ert erlendis gættu þess þá að nota eingöngu tjaldsvæði sem mælt er með og teljast örugg

## Vindakort á sjova.is

Hvass vindur og vindhviður hafa mikil áhrif á aksturseginnleika ferðavagna og húsbíla. Kynntu þér upplýsingar um vindasama staði á vindakorti Sjóvá á **sjova.is**.



## Gátlisti fyrir reiðhjól

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

### Geymsla reiðhjóla

Ef þú þarft að skilja reiðhjól eftir á almannafæri læstu því þá alltaf við fastan hlut. Munum að ólæst hjól er einnig ótryggt. Geymið stölnúmer hjólsins á aðgengilegum stað. Það er skráð á grind hjólsins.

Læsingar		Já	Nei
	Læsir þú alltaf reiðhjólinu við fastan hlut yfir nótt?		
	Læsir þú alltaf reiðhjólinu við fastan hlut yfir daginn?		
	Læsir þú reiðhjólinu alltaf við fasta hlut?		
	Læsir þú alltaf reiðhjólinu, til dæmis við verslanir, íþróttahús, sundstaði?		
	Þræðir þú lásinn í gegnum grind hjólsins þegar þú læsir hjólinu?		
	Notar þú öflugan lás til að læsa hjólinu?		
Upplýsingar um reiðhjólid		Já	Nei
	Er stölnúmer hjólsins skráð hjá þér?		

---

---

<b>Upplýsingar um reiðhjól</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Getur þú lýst reiðhjólinu þínu fyrir lögreglu eða öðrum ef því er stolið?		
	Eru séreinkenni á reiðhjólinu sem þú getur þekkt það á?		
	Er til mynd af reiðhjólum heimilisins?		
<b>Umhverfið</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Ef þú sérð hjól í reiðuleysi, spyrðu þá nágranna þína um það?		
	Lætur þú lögreglu vita ef þú sérð hjól í reiðuleysi?		

---

---

## Gátlisti fyrir sumarhús

---

### Hvernig á að nota gátlistann?

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi. Ef þú vilt frekari upplýsingar en handbókin veitir getur þú haft samband til þess að fá góð ráð.

<b>Þjófavarnir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er þjófavörn á sumarhúsinu?		
	Er alltaf kveikt á þjófavörninni þegar enginn er í sumarhúsinu?		
	Eru lykklar fjarlægðir? (ekki geymdir undir mottu)		
	Eru lykklar geymdir fjarri útidyrhurð?		
<b>Gluggar/hurðir</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er farið yfir læsingar hurða þegar farið er í burtu?		
	Er farið yfir læsingar glugga þegar farið er í burtu?		
	Eru gluggar lokaðir þegar farið er í burtu?		
	Veist þú hver er með lykla af sumarhúsinu þínu?		
<b>Verðmæti</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Fjarlægir þú verðmæti eins og sjónvarp, DVD spilara eða fartölvur úr sumarhúsinu?		
	Læsir þú inni í skáp eða hylur þau verðmæti sem þú verður að skilja eftir í sumarhúsinu?		
	Er til listi yfir verðmætin sem eru í sumarhúsinu?		

---

---

---

<b>Verðmæti</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Eru til myndir af innbúi sumarhússins?		
<b>Umhverfi sumarhússins</b>		<b>Já</b>	<b>Nei</b>
	Er lok á heitum potti vel fest á eftir notkun?		
	Er gengið frá verkfærum eftir notkun?		
	Er gengið frá sláttuvél og stigum eftir notkun?		
	Er gengið frá hellum og lausu grjóti?		

---

---

# Ítarefni um upplýsingar fyrir lögreglu

---

## Það skiptir máli að bregðast rétt við

Það skiptir miklu máli að bregðast rétt við þegar þú verður vitni að innbroti eða þjófnaði. Ekki taka lögin í eigin hendur, þú veist ekki í hvaða ástandi þjófurinn er eða hvort þeir eru fleiri en einn.

### Lýsing á atburði

- › Hvað gerðist?
- › Hvenær gerðist atburðurinn?
- › Hvar átti atburðurinn sér stað? Ef þú veist ekki heitið á götunni reyndu þá að nágast staðinn með því að rekja þig frá einhverju sér kennileiti, til dæmis „[austan við Hallgrímskirkju](#)“
- › Tilkynntu strax ef einhver hefur meiðst
- › Láttu vita ef einhver búnaður hefur verið notaður við innbrotið, það getur skipt máli fyrir lögregluna

### Lýsing á bifreið

- › Taktu mynd eða skráðu bílnúmerið, til dæmis í símann þinn
  - › Leggðu tegund, gerð og lit á minnið
  - › Legðu sérstök einkenni bílsins á minnið eins og til dæmis felgur
  - › Taktu eftir í hvaða átt bíllinn ók
-



---

## Lýsing á þjófi

- › Kyn
  - › Aldur
  - › Sérstakt útlit
  - › Hæð (gott er að taka mið af sjáfum sér)
  - › Holdafar
  - › Litur á hári
  - › Skegg (nánari lýsing)
  - › Höfuðfat (nánari lýsing)
  - › Fatnaður
  - › Skór
  - › Rödd
  - › Auðkenni einstaklings, er eitthvað sem stingur í stúf við manneskjuna; göngulag, húðflúr eða annað
-

---

## Dreifibréf: Kynningarfundur um nágrannavörslu

---

Kynningarfundur um nágrannavörslu verður haldinn þann \_\_\_\_\_  
Fundurinn verður haldinn að \_\_\_\_\_ og hefst klukkan \_\_\_\_\_

### Dagskrá

- › Hvað er nágrannavarsla?
  - › Undirskriftarsöfnun vegna nágrannavörslu
  - › Hvernig viljum við skipuleggja okkar nágrannavörslu?
  - › Aðkoma sveitarfélags
  - › Hvernig gerum við heimili okkar öruggara?
  - › Reynolds af nágrannavörslu og tölfraðilegar upplýsingar frá lögreglu
  - › Farið yfir gátlista, bækling, og ítarefni um öryggi heimilis
  - › Ákveða næsta fund
-



---

## Nágrannavörsluskilti

---

### Nágrannavörsluskilti

Þegar skilyrði bæjarins fyrir nágrannavörslu eru uppfyllt er tímabært að óska eftir því að fá skiltið frá sveitarfélaginu. Í sumum bæjarfélögum gilda þó engar reglur en þá verða aðilar að nágrannavörslunni sjálfir að láta útbúa skiltið.

Ef þú ert í vafa um hvert þú átt að snúa þér getur þú haft samband við starfsfólk Sjóvá í síma 440 2000 eða sent fyrirspurn á [sjova@sjova.is](mailto:sjova@sjova.is).



### Sjóvá greiðir fyrir nágrannavörsluskilti

Hægt er að fá skilti endurgjaldslaust frá Sjóvá.

---